Nd. 414. Breytingartillaga

við frv. til l. um lögskráning sjómanna.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 9. gr. Þriðju málsgr. skal orða svo:

Lögskráningarstjóra ber að sýna alla lipurð um lögskráningu utan venjulegs starfstíma, þegar nauðsyn krefur. Í Reykjavík skal lögskráningarstjóri sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrra helgidegi stórhátíða, frá kl. 4 til kl. 6 síðd.